

## Stjórnsmál líðandi stundar kosningar í vændum

Athyglisverð greining hjá Glúmi. Því má við bæta, að enginn flokkanna andæfði breytingu á refsilöggjöfinni, þegar kaup á vændi voru gerð refsiverð og þegar leidd var í lög sú söguskoðun, að konur væru fórnarlömb karla. Sömuleiðis hefur enginn flokkur beitt sér í alvöru fyrir stjórnarskrárbreytingum og allir styðji þeir í raun skerðingu ellilífeyris og opinbera forsjá á öllum sviðum mannlífsins.

Allir flokkar ríghalda í RÚV, opinbera þjónustu og lífeyrissjóðskerfið. Flokkur fólksins og Miðflokkurinn andmæltu auknu svigrúmi til geðþóttafóstureyðinga mæðra og hinum undarlegu lögum um "kynrænt sjálfræði." Það má hrósa þeim fyrir það. En mikilvægir haukar Miðflokksins hverfa af næsta þingi. Fornri stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins gegn stjórnlyndi, þ.e. að leggja áherslu á sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga, frelsi til athafna, án aðþrengingar af ríkisvaldsins hálfu, hafa aldrei verið nema orðin tóm. Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti jafnaðarmannaflokkur Íslands.

Einu sinni hrærðist innan hans "stuttbuxnadeild," sem barðist gegn ríkisumsvifum. Sú deild tapaði. Rétt eins og á við um lífeyrissjóðs- og velferðarkerfið hefur flokkurinn stutt óhemjulega útpenslu hins opinbera, sem ekki síst bíður eftir og býður kvenfrelsunarfræðingum, sbr. Jafnréttisstofu, störf hjá hinu opinbera.

Allir flokkar styðja ofbeldisiðnaðinn og enginn þeirra hefur gengið fram fyrir skjöldu og andmælt opinberum "aftökum" karla í hrönnum af kvenfrelsunardómstóli götunnar og fréttamiðla. "Mee-too" var meira að segja gerð á stjórnarstefnu og Samfylkingin stofnaði eigin kynósvífnidómstól - eins og kirkjan og fleiri. Enginn flokkanna á í eigu sinni gagnrýnisródd gagnvart Sameinuðu þjóðunum; boðskapi þeirra og gjörningi. Og gagnvart NATO enn þá síður. Allir taka þeir gagnrýnislaust undir sönginn um ragnarök.

Enginn flokkanna hefur sýnt tilburði til gagnrýnnar utanríkisstefnu, síðan Jón Baldvin viðurkenndi baltnesku ríkin - að vísu með velpókun BNA og Nato. Enginn flokkur þorir í raun að hreyfa við hugsanlegri Evrópusambandsaðild og útgönu úr EFTA, innleiðingu evru eða gjaldmiðlasamstarfi á grunni gæfulegri gjaldmiðils en íslenska krónan er, svo bæta megi afkomu almennings og takmarka að einhverju leyti efnahagsleg völd Íslandseigenda.

Á meðan öllu þessu gengur yfirtaka kvenfrelsarar æðri menntun í landinu, íslenska skólakerfið hrynur og stöðu drengja, námslegri jafnt sem heilsufarslegri, hnignar. Þegar ég velti vöngum yfir stöðu mála í dag, koma mér stundum í hug Neró keisari, sem lék á hörpu, meðan Róm brann, og amma, sem sat á þakinu, þegar "eldurinn bálaði um glugga og göng." En hún sat eins og allir vita upp á þaki "og spilaði og söng." Nú syngja frambjóðendur lýðskrumssönginn eina ferðina einn - oft og tíðum hjáróma og holhljóma. Okkur er enn á ný boðið að kjósa flokka. En hvern þeirra?

[https://www.dv.is/eyjan/2021/8/21/glumur-taetir-sig-forystu-islensku-stjornmalaflokkanna-leggur-aherslu-ofbeldisfeminisma-og-ad-skolaborn-gerist-vegan/?fbclid=IwAR12idMr5GjLf90ddJDrDKO4CQ-YSdUENhN5K6z\\_YvPsjTEWxDNcjzMHpk](https://www.dv.is/eyjan/2021/8/21/glumur-taetir-sig-forystu-islensku-stjornmalaflokkanna-leggur-aherslu-ofbeldisfeminisma-og-ad-skolaborn-gerist-vegan/?fbclid=IwAR12idMr5GjLf90ddJDrDKO4CQ-YSdUENhN5K6z_YvPsjTEWxDNcjzMHpk)